

Aðalfundur FTAT

Félags tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

mánudaginn 20.apríl 2026 kl.18:30

Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík, salur:SETRID.

1. **Fundarsetning.** Sandra formaður býður félagsmenn velkomna kl. 18:35 og leggur til að Kristbjörg skrifstofustjóri verði fundarstjóri. Fundurinn samþykkir. Kristbjörg býður allar velkomnar. Byrjað er á matnum sem samanstendur af ofnbakaðri löngu ásamt meðlæti.

2. **Fundargerð síðasta aðalfundar.** Samþykkt af fundinum að það er nóg að hún liggi á heimasíðunni og er ekki lesin upp.

3. **Skýrsla formanns.** Sandra formaður flutti skýrslu formanns.

4. **Reikningar félagsins f. 2025 lagðir fram af Söndru formanni.**

Fundur samþykkir reikninga.

5. **Umræða um skýrslu formanns og reikninga.**

Spurt í lok skýrslu formanns hvað felur í sér að vera skráður undir sjúklingatryggingu tannlæknis. Útskýrt af formanni að það sé til að tryggja starfsfólk fyrir mistökum gegn sjúklingum. Að frá 1.janúar 2025 sé SÍ eini aðilinn sem sjúklingatryggir tannlækna og að þeir verði að skrá sitt starfsfólk undir sína sjúklingatryggingu. Vandinn liggi í því að eingöngu sé hægt að sjúklingatryggja heilbrigðisstarfsfólk, s.s. aðstoðarmenn falla utan tryggingarinnar. Bent er á að rekstur orlofshúsa er ekki að standa undir sér, þegar farið er yfir reikninga félagsins. Sandra útskýrir að einnig komi innkoma frá orlofsheimilaskjóð og að félagið er vissulega að styrkja sína félagsmenn með því reka orlofshús og aldrei eru þau rekin í hagnaðarskyni.

Spurt er út í lausn á vanda sjúkraskjóðs og Sandra útskýrir að hún muni leggja fram lagabreytingu þess efnis.

6. **Kynning á brúarnámi tanntækna.**

Eftir fund með skólastjórnendum FÁ var ákveðið að bjóða upp á brúarnám ætlað fyrir aðstoðarmenn sem hafa unnið lengi á tannlæknastofum en hafa ekki lokið námi sem tanntæknir og eru þ.a.l. ekki með starfsleyfi frá Landlæknisembættinu. Skilyrði eru að umsækjandi þarf að hafa náð 25 ára aldri, hafa að lágmarki 5 ára starfsreynslu í 80% starfi og vera starfandi á tannlæknastofu þegar námið hefst ásamt því að geta tjáð sig á íslensku. Markmiðið er að fjölga menntuðum tanntæknum í stéttinni og ekki síst að útrýma óvissunni

sem fylgir því að ófaglært starfsfólk sé að vinna störf tanntækna. Námskrá brúarnámsins er kynnt og aðstoðarfólk hvatt til að skrá sig til þess að námið verði að veruleika.

- *Spurt um vinnuhlutfall og ef það sé lægra en 80%*, útskýrt að ef viðkomandi er búin að vera í minna en 80% starfi en lengur en 5 ár þurfti að reikna út og meta viðkomandi.
- *Einnig er spurt hvað þetta sé hugsað sem langt nám*, en það er einstaklingsbundið eftir því hvað viðkomandi er búin með af þessum bóklegu áföngum sem þarf og að hver og einn getur verið á sínum hraða að tikka inn þá áfanga sem vantar.
- *Spurt er um kostnað*, útskýrt að hann sé svipaður og ef um fjarnám væri að ræða. Skólinn gat ekki gefið út nákvæmlega hver kostnaður verður þar sem ekki liggur fyrir fjöldi nemenda. Sandra minnti á endurmenntunarsjóðinn í því samhengi ásamt því að margir tannlæknar eru til í að styrkja sitt starfsfólk til náms.
- *Spurt er hvort hægt sé að sjá hvort maður sé tryggður undir sjúklingatryggingu tannlæknis*. Útskýrt að það sé skyldutrygging hjá tannlækni en óvíst hvort það sé hægt að fletta því upp einhversstaðar. Kristbjörg mun senda póst á SÍ og spyrja hvort það sé hægt að sjá það hjá þeim.
- *Spurt hvað gerist þá ef maður er ekki tanntæknir?* Fyrirspurnir til Heilbrigðisráðuneytis, Sjúkratrygginga Íslands og Landlæknisembættis skiluðu frekar óskýrum svörum, þ.e.a.s. aldrei kom afgerandi svar um hvort sjúklingatrygging tannlæknis myndi dekkja afglöp í starfi aðstoðarmanns.
- *Þarf að endurnýja starfsleyfið sitt?* Nei, þarf ekki að endurnýja.
- *Þarf að vera komin með vinnu þegar sótt er um?* Nei, en þarf að vera útskrifuð.

Formaður ítrekar að sækja um leyfisbréfið sitt strax hjá Landlæknisembættinu því eftir því sem líður lengur frá útskrift verður erfiðara að sækja um, þarft að sýna fram á að hvar þú hefur starfað og jafnvel koma með vottorð þess efnis.

7. Lagabreytingar.

Tillaga að lagabreytingu á 3. grein er lögð fram af stjórn FTAT þess efnis að nýskráningar í félagið verði að vera með heilbrigðismenntun og starfsleyfi frá Landlæknisembættinu. Er þetta til þess að sporna gegn því að ófaglærðir streyma inn í félagið, taka út úr sjúkrasjóð og skila sér svo ekki aftur í félagið. Tölur þess efnis sýna fram á að $\frac{2}{3}$ þeirra sem hafa nýtt sér sjúkrasjóðinn síðan 2018 eru ófaglærðir og megnið af þeim koma ekki aftur eftir óútskýrð veikindi. Tap á hverju ári vegna sjúkrasjóðs er um kr. 10 milljónir. Orðalag [3.gr.](#) er varðar Aðild að FTAT hljómar nú svo:

3.gr

Aðild

Félagið er opið öllum er starfa á tannlæknastofu og löggiltum tanntæknum.

Þeir sem uppfylla eftirtalin skilyrði geta orðið félagar:

- starfa á tannlæknastofu og eru löggiltir tanntæknar.
- standa ekki í óbættum sökum við önnur félög launþega.
- sem greiða tilskilin félagsgjöld.
- Nýskráðir þurfa að hafa lokið heilbrigðismenntun og hafa starfsleyfi frá landlækni.

Fundur er samþykkur.

Aðrar tillögur úr sal til að sporna við tapi úr sjúkrasjóði: að lengja tímann sem þú þarft að greiða í félagið til að verða fullgildur meðlimur úr 6 mánuðum í 12. Eins hvort viðkomandi öðlast hlutfallsleg réttindi eftir því hversu lengi hann hefur greitt í félagið.

Spurt um hver er ávinningur þess að vera í okkar félagi fram yfir önnur félög og útskýrt að það er sterkari veikindaréttur frá vinnustað hjá okkar félagi en t.d. VR (4 mánuðir vs. 3 mánuðir).

8. Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns.

Margrét Lukka og Helga Björk stjórnarmenn og Magga Lena varamaður eru nú búnar að sitja í 2 ár. Þær bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Fundur er samþykkur.

9. Ákvörðun um félagsgjald. Samþykkt að það verði áfram 1%.

10. Þóknun stjórnarkvenna. Verður óbreytt, samþykkt af fundinum.

11. Kosning í trúnaðaráð og kosning skoðunarmanna.

Skoðunarmenn eru Arnbjörg Finnbogadóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Lilja Tómasdóttir.

Arnbjörg gefur ekki kost á sér. Dagný Rós Pétursdóttir býður sig fram í hennar stað. Í

trúnaðarráði sitja Halla Þrastardóttir, Guðmunda Róbertsdóttir og Ragnhildur Benediktsdóttir.

Þær bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Fundurinn er samþykkur.

12. Önnur mál

- Spurt yfir salinn - Öryggis og gæðaskýrsla sem var kynnt á síðasta ársþing – hverjir eru búnir með þetta? Engin. Er mjög stórt verkefni.
- Leiðrétting: Ársþing TFÍ er 23. október en ekki 30. eins og kom fram í skýrslu formanns.

- Spurt út í greiðslu fyrir ársþingið og útskýrt að skv. kjarasamningi þarf tannlæknir að greiða fyrir þingið og laun þennan dag fyrir starfsmann að sækja þingið.
- Bústaðurinn í Húsafelli – bakaraofninn er leiðinlegur, hvort hægt er að skipta honum út. Hann er að vísu nýlegur.
- Er eitthvað verið að endurskoða hundaleyfi í bústaðnum? Margir með hunda sem hugsanlega myndi nýta hann. Það var á sínum tíma ákveðið á fundi að leyfa ekki dýrahald vegna óþrífnaðar. Rætt fram og til baka varðandi þrif stuðul hvers og eins, ofnæmi, hár í rúmi. Óformleg könnun sýnir ca 5 sem hefðu vilja leyfa dýrahald, annar eins fjöldi vildi ekki leyfa dýrahald en að meirihlutinn sat hjá.

Við endum svo fundinn með uppistandaranum Birnu Rún.

Aðalfundi FTAT slitið kl. 21:30